

Ísafirði 29 desember 2024.



Nefndarmenn skóla-, íþrótta- og tóm-stunda-nefndar og sviðsstjóri á skóla- og tómsfundasviði.

Í framhaldi af fundi formanns HSV með formanni nefndarinnar og sviðstjóra þann 18 nóvember sl. og samskiptum við forstöðumenn innanhúsboltageina vegna málsins er það niðurstaða stjórnar HSV að leggja til eftirfarandi breytingar á tímatöflu íþróttahúsins í Torfnesi:

Snúið verði til baka með tímalengd kvöldtíma. Að tímar sem hefjast eftir kl 18.00 á á virkum dögum, verði 50 mínútur í stað 60 mínútur eins og tímataflan frá því í september hefur verið. Við þessa smávægilegu breytingu opnast fyrir möguleika á einum auka æfingatíma í húsinu, sem gera samtals 15 (14) æfingaslot yfir vikuna.

Fyrir breytingu er æfingataflan, mánudag til föstudag svona:

17:50-18:50	14-15 kk	U-lið		17:50-18:50	Mflkk			17:50-18:50	8-10 bæ	12-14 kvk		17:50-18:50	12-14 kk	15-17 kvk	Mflkvk B	17:50-18:50	Mflkk		
18:50-19:50	Mflkk			18:50-19:50	Mfl kvk	Mfl kk	Mfl kk	18:50-19:50	17-19 kvk			18:50-19:50	14-16 kk			18:50-19:50	Mflkk		
19:50-20:50	Mfl KK			19:50-20:50	Mfl kvk	Mfl kk	Mfl kvk B	19:50-20:50	14-15 kk	U-lið		19:50-20:50	14-15 kk			19:50-20:50	MF KK		
20:50-21:50				20:50-21:50		Mfl kvk B	Mfl kvk B	20:50-21:50	Mflkk			20:50-21:50	Mflkk			20:50-21:50			
				21:50-22:20															

Og leggur stjórn HSV til að taflan verði svona eftir breytingu:

17:50-18:50	14-15 kk	U-lið		17:50-18:50	Mflkk			17:50-19:20	8-10 bæ	12-14 kvk		17:50-18:50	12-14 kk	15-17 kvk	Mflkvk B	17:50-18:50	Mflkk		
18:50-19:40	Mflkk			18:50-19:40	Mfl kvk	Mfl kk	Mfl kk	19:20-19:40	17-19 kvk			18:50-19:40	14-16 kk			18:50-19:40	Mflkk		
19:40-20:30	x	x	x	19:40-20:30	Mfl kvk	Mfl kk	Mfl kvk B	20:30-20:30	x	x	x	19:40-20:30	x	x	x	19:40-20:30	x	x	x
20:30-21:20	Mfl KK			20:30-21:20		Mfl kvk B	Mfl kvk B	20:30-21:20	14-15 kk	U-lið		20:30-21:20	14-15 kk			20:30-21:20	MF KK		
21:20-22:10				21:20-22:10		x	x	21:20-22:10	Mflkk			21:20-22:10	Mflkk			21:20-22:10			

Lagt er til að breytingin taki gildi hið fyrsta, helst um komandi áramót.

Eins og litir nýju reitanna gefa til kynna, er það tillaga stjórnar HSV að handknattleiksdeild Harðar fái 9ju af þessum slotum, á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Blakdeild Vestra fái 2 slot á þriðjudögum og körfknattleiksdeild Vestra fái slotin 3 á föstudögum.

Það er svo í höndum viðkomandi félags að ákveða hvernig þessi nýju æfingaslot munu nýtast þeim sem best.

Fyrir hönd stjórnar HSV

Sigurður Hreinsson formaður

Greinargerð með tillögu.



Það er væntanlega óþarfi að fara yfir það hér, hversu miklum vandræðum úthlutun á æfingartímum síðast liðið haust hefur valdið. Þær tillögur sem hér liggja fyrir er tilraun stjórnar HSV til að lægja þær öldur sem úthlutunin skapaði sem og að leggja grunn að reiknireglu sem stuðst verði við í framtíðinni, við úthlutun á æfingatímum innanhúss.

Í framhaldi af áður tilgreindum fundi um málið þann með formanni HSV, formanni í-t-s-nefndar og sviðsstjóra, var sent svohljóðandi bréf á forsvarsmenn umræddra innanhús-bolta greina:

Ísafirði 3 desember 2024.

Góðann dag ágætu formenn eða forsvarsmenn.

Við sendum þetta samhljóða bréf á ykkur forsvarsmenn þeirra þriggja íþróttagreina sem helst eru að nota íþróttahúsin á svæðinu yfir veturinn.

Við þyrftum að koma okkur saman um nákvæmari reglur fyrir úthlutun á tímum í íþróttahúsunum. Og ég held að allir hljóti að vera sammála því að við verðum að koma í veg fyrir að viðlíka staða komi upp aftur eins og verið hefur í haust.

Stjórn HSV er mjög áfram um að vinna að lausn á þessu máli og koma að því að semja úthlutunarreglur sem byggja á útreiknaðri/rökstyðjanlegri niðurstöðu. En að okkar mati eru núverandi reglur alls ekki nógu skýrar og gefa óþarfa pláss fyrir einstaklingsbundið mat og/eða geðþótta ákvarðanir.

Til upprifjunar kemur hér kafli 3.1 í "Reglur Ísafjarðarbæjar um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum til íþróttafélaga og almennings"

„Þættir til hliðsjónar

Við úthlutun æfingátíma er tekið mið af eftirfarandi þáttum:

1. Fjöldi iðkenda og hlutfall barna og unglunga í félaginu.
2. Nýting síðasta tímabils og úthlutun æfingátíma.
3. Æfingar barna og unglunga hafa forgang á úthlutun æfingátíma.
4. Stefnt skal að því að æfingum barna og unglunga ljúki fyrir kl. 19:00.
5. Staða í deild
6. Ársskýrslum skilað og unnar eftir lögum HSV"

Því setjum við hér fram hugmyndir um vinnureglur og óskum eftir endurgjöf frá ykkur. Væntanlega hafið þið séð einhvað af þessu áður. En fyrir alla muni, setjið fram ykkar hugmyndir og hvernig hægt er að nota þær í að reikna út niðurstöðu, ef þið eruð með einhverjar.

Hugmyndin er að reyna að vinna þetta tiltölulega hratt og helst klára fyrir áramót. En engu að síður er full þörf á að vanda sig við þetta og íhuga vel endanlega útgáfu. Í þessari fyrstu umferð óskum við eftir viðbrögðum við framsettum hugmyndum og eftir atvikum ykkar hugmyndum um reiknireglu.

Við sjáum fyrir okkur að reglurnar þurfi að fara nánar ofaní eftirtalda þætti:

- Skilgreining á gæði tíma
- Hlutfall yngri flokka tíma
- Hlutfall meistarflokkstíma

Skilgreining á tímum.



Tímar eru mis nýtanlegir eftir því á hvaða tíma dagsins þeir eru. Skilgreina þarf: vonda tíma, "prime time" yngri flokka tíma, meistaraflokkstíma og aðrar tímategundir. Eðlilegt verður að teljast að félag sem á td rétt á 30% yngriflokkatímum, fái það hlutfall af bæði góðum yngriflokkatímum og þeim lakari.

Einnig mætti td. skilgreina helgarnar sem blandaða tíma, bæði fyrir mfl og yfl. Þá verður líka að horfa til þess að föstudagskvöld og helgar á Torfnesi eru víkjandi, vegna kappleikja, sem klárlega rýrir gæði þeirra.

Með skilgreiningu tíma, fáum við út fjölda tíma í hverjum flokki sem þá má deila út eftir útreiknuðu hlutfalli.

virkir dagar			helgi		
2-4	4-7	7-10	9-12	12-3	3-6
Flokkun á gæðum					
æfingátíma					

Hlutfall yngriflokkatíma.

Samkvæmt gildandi reglum hafa fjöldi iðkenda og hlutfall barna og ungingla í félaginu áhrif á úthlutaða tíma. Og við úthlutunina í haust var horft til talninga á iðkendum gerða af starfsmönnum á Torfnesi.

En það kann að vera sanngjarnt að horfa til fleiri þátta en hrárra iðkendatalna. Þannig gæti td 60% af yngriflokkatímum verið deilt eftir iðkendaþölu og 40% með jafnri dreifingu eða einhverskonar „lágmarki“.

Hlutfall meistaraflokka

Samkvæmt gildandi reglum á að horfa til stöðu í deild. Án þess að það sé tiltekið einhvað nánar, þá verður að teljast líklegt að verið sé að meina að horfa til þess í hversu hárrí deild viðkomandi lið er að spila í. Það verður að segjast að það hljómar ekki ósanngjarnt að lið í hæstu deild eigi rétt á flestum æfingátímum og svo koll af kolli niður deildir.

En hvernig hlutfall þarna á milli er sanngjarnt? Prófum tvær nálganir sem dæmi.

- Efsta deild með margfeldið 2 á móti fimmtu efstu með 1. Hlutfallið þar á milli bein hallalína.
- Efsta deild með margfeldið 1,5 á móti fimmtu efstu með 1. Hlutfallið þar á milli bein hallalína.

Svo eru fleiri þættir sem má mögulega horfa til. Kanski þarf að setja inn einhvað hámark og/eða lágmark á hlutfall tíma.

Meistaraflokkar kenna eiga undir högg að sækja. Er kanski eðlilegt að hafa einhverja hvata til að aðstoða við að stofna og/eða efla þá ?

Svo er það spurning hvort að það séu aðrir þættir eða aðrar nálganir sem ykkur finnst að horfa þurfi til ?

Skemmst er frá því að segja að aðeins hefur borist efnislegt skriflegtsvar frá forsvarsmönnum handboltans. Í svari frá forsvarsmönnum blakdeildar Vestra kom fram að úr því sem komið sé, væri áhugi á halda í lágmarki hugsanlegum breytingum á þeim tímum sem snúa að blakinu.

Af viðbrögðum forsvarsmanna körfuboltans má helst ráða að mestur vilji sé til að viðhalda núverandi ástandi. Engu að síður hefur það einnig komið fram í þeim fjölmörgu samtölum sem formaður HSV hefur átt við forsvarsmenn körfuboltans í haust, að þeir setji sig ekki á móti því að tímalengd kvöldtíma verði færð aftur í 50 mínútur, að því gefnu að handboltinn fái ekki öll þau aukaslot sem verða til við það.

Því er það mat stjórnar HSV að tillagan sé sniðin að óskum allra deilda sem málið varðar.



Til að setja hlutina í samhengi getur verið gott að skoða tölfræði nokkur ár aftur í tímann, varðandi úthlutun á tímum til viðkomandi íþróttagreina. Í þeim töflum sem koma hér fyrir neðan eru taldir æfingatímar í Tofnesi, Austurvegi og Bolungarvík.

		Æfingatímar												
		virkir dagar			helgar				virkir dagar			helgar		
		2-4	4-7	7-10	9-12	12-3	3-6		2-4	4-7	7-10	9-12	12-3	3-6
		Dreifing á eigin tímum												
2022-23		16	7	32	2	0	12	69	23.2%	10.1%	46.4%	2.9%	0.0%	17.4%
	Handbolti	11	18	18	7	11	4	69	15.9%	26.1%	26.1%	10.1%	15.9%	5.8%
	karfa	2	8	8	0	5	0	23	8.7%	34.8%	34.8%	0.0%	21.7%	0.0%
	Blak	6	35	11	10	9	6	77	7.8%	45.5%	14.3%	13.0%	11.7%	7.8%
	Fótbolti	35	68	69	19	25	22	238						
2023-24		16	11	29	2	1	12	71	22.5%	15.5%	40.8%	2.8%	1.4%	16.9%
	Handbolti	10	21	21	7	12	3	74	13.5%	28.4%	28.4%	9.5%	16.2%	4.1%
	karfa	2	7	15	0	4	0	28	7.1%	25.0%	53.6%	0.0%	14.3%	0.0%
	Blak	6	20	7	10	10	8	61	9.8%	32.8%	11.5%	16.4%	16.4%	13.1%
	Fótbolti	34	59	72	19	27	23	234						
2024-25	Haust	13	17	16	6	0	9	61	21.3%	27.9%	26.2%	9.8%	0.0%	14.8%
	Handbolti	3	24	20	2	11	10	70	4.3%	34.3%	28.6%	2.9%	15.7%	14.3%
	karfa	2	9	14	0	5	3	33	6.1%	27.3%	42.4%	0.0%	15.2%	9.1%
	Blak	13	7	0	11	9	0	40	32.5%	17.5%	0.0%	27.5%	22.5%	0.0%
	Fótbolti	31	57	50	19	25	22	204						

Það sem vekur sérstaka athyggli þegar nýjasta taflan er borin saman við töflu síðasta vetrar, er heildarfækkun á æfingatímum um 30. Þar af er fækkun meistaraflokkstíma á kvöldin um 22. Sú fækkun bitnar lang harðast á handknattleiksdeildinni, eða um 13 æfingaslot, knattspyrnan missir öll sín 7 slot, en blakið og karfan missa 1 slot hvor.

Með breytingunni sem hér er lögð til, verður skiptingin sem hér segir.

		Æfingatímar												
		virkir dagar			helgar				virkir dagar			helgar		
		2-4	4-7	7-10	9-12	12-3	3-6		2-4	4-7	7-10	9-12	12-3	3-6
		Dreifing á eigin tímum												
2024-25	Vor	13	17	25	6	0	9	70	18.6%	24.3%	35.7%	8.6%	0.0%	12.9%
	Handbolti	3	24	23	2	11	10	73	4.1%	32.9%	31.5%	2.7%	15.1%	13.7%
	karfa	2	9	16	0	5	3	35	5.7%	25.7%	45.7%	0.0%	14.3%	8.6%
	Blak	13	7	0	11	9	0	40	32.5%	17.5%	0.0%	27.5%	22.5%	0.0%
	Fótbolti	31	57	64	19	25	22	218						

Próun og prófun á reiknireglu.

Ein af forsendum þess að komast hjá viðlíka uppákomu og haustið hefur boðið uppá, er að fyrirsjáanleg reikniregla verði sett í úthlutunarreglurnar. Stjórn HSV lýtur svo á að það verði verkefnið fram á vorið að fullgera slíka reiknireglu, en við gerð þessarar tillögu hafa verið gerðar tilraunir með formúlur í þá veru.



Grunnur fyrir svona reiknireglu er flokkun á gæðum tíma, eins og nefnt var hér fyrir í greinargerðinni og má jafnframt finna í pósti frá stjórn HSV til íþrótt- og tólmstundafulltrúa, dagsett 30 ágúst sl. !

Við prufukeyrslu á reiknireglu fyrir yngriflokkatíma var miðað við hluti af tímum yngriflokka væri jafnskipt, til að tryggja ákveðið lágmark fyrir fámennari greinar. Stærstum hluta tímana væri hinsvegar úthlutað samkvæmt iðkendafjölda. Útreikningana má sjá hér til hliðar þar sem miðjudálkurinn sýnir samanlagða niðurstöðu.

		70%		30%
		Yfl		jafnsk
H	33%	33%	33%	
K	49%	44%	33%	
B	18%	23%	33%	
		Yngriflokkar		

Um er að ræða tíma sem teljast annars vegar „vonlausir“ (14-16 á virkum dögum og 15-18 á helgun) og hinsvegar þeir sem flokkast sem „prime time“ (16-19 á virkum dögum).

Yfl		Mfl
70%		30%
H	33%	
K	39%	
B	28%	
Blandaðir helgartímar		

Þá má líta á helgartíma sem kallaðir voru „þökkalegir yngriflokkatímar“ (9-15) sem blandaða tíma. Í prufukeyrslunni sem hér er vitnað í, var sett hlutfallið 30/70 eins og sjá má í töflunni hér vinstra megin.

8	
2	efsta deild
1.75	næst efsta
1.5	þriðja efsta
1.25	fjórða efsta
1	fimmta efsta
0.75	sjötta efsta

Útreikningar á tímafjölda meistaraflokka er svo alveg sér umræða og sjálfsagt hægt að draga fram marga ólíka þætti til réttlætningar. Gildandi úthlutunarreglur eru vægast sagt stutturðar um þetta atriði; „Staða í deild“. Eins og áður kom fram, í bréfi sendu á forráðarmenn, er eðlilegt að einhvað hlutfall sé á milli úthlutaðra tíma, eftir því í hvaða deild er spilað. Í prufukeyrslu reiknireglu var notuð nálgunin sem finna má hér til hægri.

deild	50%		30%	20%	
	Mfl	samtals	jafnsk	FCP	
1.75	25%	33%	33%	3.0	50%
1.5	21%	27%	33%	2.0	33%
3.75	54%	40%	33%	1.0	17%
7		100%		6.0	
Meistaraflokkar					

Í prufukeyrslunni sem áður er getið, var notast við þrjá þætti til að fá út hlutfall milli íþróttgreina meistaraflokka. Áður nefnd staða í deild látin gilda 50%, jafndreift var miðað við 30% og svo var svokallaður FCP stuðull (full court practice) notaður fyrir 20%. Sjálfsagt atriði sem má rökraða, en samanlögð niðurstaða úr

þessum útreikning má sjá í gula dálkinum.

Niðurstaðan út úr öllum þessum æfingum má svo sjá hér fyrir neðan, vinstamegin. Til samanburðar er hægra megin aftur birt úthlutun æfingatíma með framkominni breytingartillögu stjórnar HSV.

Öll hús	Prufukeyrsla reiknireglu				
	Fjöldi æfingatíma á greinar og flokkun				
Handbolti	13	17	21	8	58
karfa	18	22	17	9	67
Blak	9	11	26	7	53
Fótbolti	13	7	0	20	40
	53	57	64	44	

Vor	virkir dagar			helgar			
	2-4	4-7	7-10	9-12	12-3	3-6	
Handbolti	13	17	25	6	0	9	70
karfa	3	24	23	2	11	10	73
Blak	2	9	16	0	5	3	35
Fótbolti	13	7	0	11	9	0	40
	31	57	64	19	25	22	218

Samkvæmt reiknireglunni ætti blakdeild Vestra rétt á flestum af þeim viðbótarslotum sem koma við breytingu úr 60 mínútum í 50 (þar sem blakið er eina greinin sem heldur úti mfl. kvk. og spilar í efstu og næst efstu deildum), en þar sem blakdeildin lagði ríka áherslu á að breyta ekki tímum sem snúa að þeim að þessu sinni, þá verður ekki annað séð en að prufukeyrsla reiknireglunnar rökstyðji tillöguna ágætlega.